

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 3. febrúar 2022 eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi Silfurtúns, nýtingarhlutfall.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða verði hækkað og breytist úr 0,3 í 0,35. Þar sem hæðarmunur á lóð býður upp á útfærslu húss með kjallara verði hámarks nýtingarhlutfall 0,45.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2022 eftirfarandi:

Mosagata, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að göngustígur frá Mosagötu að göngustíg á milli lóða við Mosagötu og Holtsvæg falli út ásamt leiksvæði. Um leið breytast mörk lóðarinnar Mosagata 4 sem stækkar til norðvesturs.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 1. júní 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Vetrarmýri, óveruleg breyting deiliskipulags.

Breytingin gerir ráð fyrir því að stærðir flestra lóða breytast lítillega vegna aðlögunar að gatnahönnun. Uppröðun númera breytist á nokkrum lóðum og númer á spennistöðvarlóðum og dæluhúsalóðum. Byggingarmagn lóða er óbreytt.

Lóð nr. 30, Miðgarður, og fyrirhugaður leikvangur færast lítillega til sem og byggingarreitur. Lögun lóðar og byggingarreits Vetrarmýrar nr. 14 breytist lítillega sem og byggingarmagn bílakjallara.

Hnoðraholt norður, óveruleg breyting deiliskipulags, spennistöð.

Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreit dælustöðvar á lóð sem merkt er við Vetrarbraut nr. 2 er snúið 90°, númeri er breytt og verður Vetrarbraut nr. 38.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 2. júní 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. júní 2022